

457. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. júní 2023

Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands í velferðarráði

Lagt er til að leitað verði til samtaka leigjenda og óskað eftir kynningu á nýútgefinni skýrslu þeirra sem ber heitið: Staðreyndir um íslenskan leigumarkað. Velferðarráð fer með verkefni húsnæðisnefndar skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Mikilvægt er að velferðarráð fái kynningu á stöðunni á leigumarkaði þar sem bæta þarf stöðu leigjenda.